



Reynslubolti og nýliði í verðlaunafæri

Eddan, íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin, verður veitt í fimmtánda sinn 22. febrúar

MENNING

Óskar Bragi Stefánsson

Eddan hefur fest sig vel í sessi hjá íslenskum kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerðarmönnum á undanförunum árum. Hún er nokkurs konar uppskeruhátíð greinarinnar þar sem hún verðlaunar þá sem sköruðu fram úr á árinu sem var að líða. Næstkomandi laugardag fer hátíðin fram í Hörpu. Þetta er í fimmtánda sinn sem verðlaunin verða veitt.

Kjarninn ræddi við tvo kvikmyndagerðarmenn sem komu að mjög ólíkum verkefnum á síðasta ári og koma í raun úr ólíkum áttum. Þeir eiga það hins vegar sameiginlegt að vera tilnefndir til Edduverðlauna.

Þróaðist úr aðstoðarmennsku í aðal

Hross í oss fjallar um samband mannsins við hestinn. Hún fléttar saman margar ólíkar sögur af fólki og dýrum úti á landsbyggðinni, og örlögum þeirra sem tvinnast saman í óvissu lífsins.

Davíð Alexander Corno klippti myndina og er tilnefndur til Edduverðlauna. Áður hefur hann leikstýrt, skrifað og

klippt 7 ár, heimildar-mynd í fullri lengd um fjórtán Íslendinga á áttunda ári. Myndin er innblásin af Up-heimildarmyndaflokki leikstjórans Michael Apted.

Davíð hóf vinnu við Hross í oss sem aðstoðarmaður, fenginn til að sjá um undirbúningsvinnu fyrir reyndari klippara.



Davíð Alexander Corno

Myndin þróaðist í klippiherberginu í samtals níu mánuði, en sömuleiðis breyttist hlutverk Davíðs úr því að vera aðstoðarmaður yfir í að vera aðalklippari myndarinnar. Það var aldrei tekin skýr ákvörðun um það fyrr en á síðustu metrunum.

Frændhygli kom mér í starfið

Þetta er fyrsta leikna myndin sem þú klippir. Hvernig kom það til?

Já. Það var eiginlega nepotismi; frændhygli sem kom mér í þetta starf, nokkurn veginn. Stjúpi minn er framleiðandi myndarinnar (Friðrik Þór Friðriksson). En svo veit maður ekki... Það er óljós lína á milli frændhygli og áthagafjötra. Upphaflega er ég fenginn til að log-a myndina: taka hana saman fyrir klippara, sem byrjaði á meðan tókur voru enn í gangi. Þá sá ég um að taka við efninu, sync-a hljóð og mynd og færa inn upplýsingar og athugasemdir frá skriftu. Þetta var svona tveggja til þriggja vikna vinna, að greiða úr öllu efninu.

Í kjölfarið var ég beðinn um að gera svokallað assembly, berstrípaða samsetningu af myndinni, bara allar senurnar í röð eftir handriti. Þaðan vatt mín þátttaka bara upp á sig.

Hvenær er ákvörðun tekin um að bjóða þér starf sem klippari?

Það var eiginlega ekki tekin konkret ákvörðun fyrr en þeir þurftu að skrifa kreditrúlluna.

Unnuð þið Benni (Benedikt Erlingsson, leikstjóri og handritshöfundur) saman í klippiherberginu?

Já. Ég held að klipping sé í eðli sínu tveggja manna tal. Það er hægt að gaufast þetta einn, sérstaklega í tæknilegri smáatriðum, en allt gengur fimmtán sinnum hraðar fyrir sig í samtali. Svipað og í heimspekinni.

Hollt að sitja svona lengi yfir myndinni

Hefði myndin verið klippt á annan hátt af reyndari klippara?

Reyndur klippari hefði ekki þurft að eltast jafn lengi við slæmar hugmyndir, ekki þurft að standa í sömu tilrauna-starfsemi, eins lengi og raunin var hjá okkur Benna. En hvort lokaniðurstaðan hefði orðið einhver önnur veit ég ekki. Við Benni erum báðir hálfgerðir nýliðar, og fengum að uppgvöta ferlið saman, hægt og bítandi. Það hefði líklega ekki gengið svoleiðis fyrir sig með stjörnuklippara á vikutaxta. En það var allt skorið við nögl í budgetinu á myndinni, við höfðum ekki efni á að ráða t.d. Elísabeti Ronaldsdóttur eða Valdísi Óskars í vinnu í heila níu mánuði.

Ég held að það hafi bara verið hollt fyrir myndina að við Benni sátum svona lengi yfir henni. Hún maríneraði endalaust hjá okkur.

Oft er talað um að klippari beri mikla ábyrgð á að móta performans leikara í klippingunni. Hvernig mótar maður leik hests?

Það var erfitt og vandasamt. Við vorum ekki að gera Babe. Maður heyrir enga hesta hugsu eða tala í myndinni. Svo eru hestar með sérstaklega hörð og illlesanleg andlit. Fólk eins og Benni, sem skilur hvernig hestum líður, skynjar hestinn í heild sinni, það les í líkamstjáninguna. Slíka skynjun er erfitt að færa yfir í kvikmyndaform, auk þess sem maður kennir áhorfandanum ekki að lesa líkamstjáningu hesta á áttatíu

mínútum. Svo maður svindlar, notar nærmynd af hrossi sem reaksjón, leyfir áhorfandanum að fylla inn í með sínar mannlegu væntingar: Kuleshov-effektinn.

Við vildum samt ekki ofgera því, að hestarnir yrðu menn í dulargervi. En heldur ekki upphefja þá sem einhver heilög náttúrufyrirbrigði. Þeir eru bara karakterar eins og hinir karakterarnir.



Smelltu til að horfa stiklu fyrir Hross í oss

Benni er sveitadurgur á aðra höndina

Benedikt nær í Hross í oss að fanga eitthvað séríslenskt og þjóðlegt í form sem skemmtir?

Benni er svona sveitadurgur á aðra höndina, hefur alveg ótrúlega nautn af því sem er þjóðlegt. Hann gæti verið alveg óþolandi týpa ef hann væri ekki svona næmur og fallegur á hina höndina, svona spes blanda sem fúnkerar vel.

Það er stór mósaík af ólíkum íslenskum og alþjóðlegum karakterum í myndinni?

Ég held að „local-global“ sé einhver frasi sem Benni hafi verið að nota í viðtölum. Fyrir honum er mikilvægt að vera blanda af þessu báðu. Og ekki bara til að komast á film-festivöl í útlöndum, heldur bara til að vera almennilegur maður. Heimskur er heimaalinn og glögg er gests augað.

Úr auglýsingum í Falskan fugl

Falskur fugl er kvikmynd byggð á samnefndri bók eftir Mikael Torfason, sem segir frá Arnaldi (leiknum af Styr Júlíussyni), fluggáfuðum og myndarlegum ungum pilti sem leiðist út á villigötur með skelfilegum afleiðingum.

Hún er fyrsta myndin í fullri lengd sem kvikmyndagerðar- maðurinn Þór Ómar Jónsson leikstýrir, en hann hefur yfir tveggja áratuga reynslu í kvikmynda- og auglýsingagerð í Bandaríkjunum og í Evrópu.

Þrátt fyrir góða dóma hlaut Falskur fugl ekki mikla aðsókn þegar hún kom út á síðasta ári. Myndin er tilnefnd til fimm Edduverðlauna, þar á meðal fyrir leikstjórn.

Þú hafðir planað að gera myndina í 15 ár þegar hún loksins kom út?





Þór Ómar Jónsson

Já. Og bókin og sagan ferðaðist í raun og veru með manni alla þessa leið. Mín sýn á söguna hefur þroskast og ég gerði myndina á endanum öðru vísi en ég ætlaði mér að gera upprunalega.

En það er sami grallarahátturinn í sögu myndarinnar og í bókinni. Falskur fugl var rosalega mikið á undan sínum tíma þegar hún kemur út. Það var algjört sjokk yfir því hér heima að einhver skyldi skrifa svona.

Ekki allt í blóði

Þetta sjokk gagnvart sögunni lagaðist aldrei hjá Kvikmyndasjóði Íslands? Það fékkst engin styrkveiting fyrir myndinni í gegnum árin, þrátt fyrir ítrekaðar og ólíkar umsóknir?

Nei. Kannski var það bara gott. Verkefnið fékk að þróast og þroskast. Skilaboð myndarinnar í sinni endanlegu mynd eru miklu meiri „skilaboð“ sem slík, til ungs fólks, um lífið og tilveruna. Bókin er meira „sex, drugs and violence“, myndin er það ekki. Þetta er ekki mynd þar sem allt er í blóði, bardögum, ofbeldi og illindum. En það er kannski það sem fólk grunaði alltaf að myndin yrði, meira í átt við bókina: sjokkerandi dóp- og glæpasaga.

Fannstu fyrir því allan þann tíma sem myndin var í þróun að þetta væri tilfinningin sem fólk hefði fyrir bókinni?

Já. „Hún var svakaleg þessi bók. Úfff!“ Við vorum einfaldlega að byggja sögu myndarinnar á bókinni. Mikki (Mikael Torfason, höfundur bókarinnar, kom að myndinni sem ráðgjafi) sagði við mig: „Núna erum við að gera myndina. Ég er búinn að gera bókina.“ Maður hefði kannski átt að address-a þetta betur þegar maður var að kynna verkefnið. Ég vildi svo sannarlega að fleiri hefðu séð myndina vegna þess að hún fékk góða dóma og virtist falla vel í kramið hjá gagnrýnendum.



Smelltu til að horfa
stiklu fyrir Falskur fugl

Karakterarnir eru ekki öfgafullar útgáfur af unglingum.

Nei, bara alls ekki. Ég hélt alltaf að Mikki myndi frekar aðhyllast það að við myndum sýna aðalpersónuna okkar Arnald sem ofbeldisfullan, snarbilaðan, útúrruglaðan dreng. En hann virtist vera fyllilega sammála því að við einbeitt-

um okkur meira að skilaboðum bókarinnar, að þau fengju að skína í gegn. Það er þetta samskiptaleysi, sem er orðið eitthvað svo áberandi í lífi okkar í dag. Foreldrar, unglingar, skólakerfið: hvernig þetta allt komið inn í einhver „box“. Það talar orðið enginn við annan, bara maður á mann. Face to face. „Svona eru hlutirnir, þetta er að gerast.“

Rosalega erfitt að vinna með óreyndum leikurum

Þú hlýtur að hafa heyrt mikið um hversu vel myndin lítur út miðað við hvað hún kostaði lítið?

Já. Ég er nú samt þeirrar skoðunar að mynd verður ekkert betri, ef hún er gerð fyrir lítinn pening en tekst samt að líta vel út. Þá finnst mér ekkert að myndin eigi það meira skilið að fá áhorf. Auðvitað er það alltaf bara sagan sem á að höfða til þín og vera skemmtileg og góð. Þá fer fólk og sér myndina. En ég held að þessi

reynsla sem við höfðum hafi líka hjálpað. Tökumaður, bún-ingar, smink. Þetta fólk er allt þjakað af reynslu (hlær).

Hvernig fannst þér að vinna með óreyndum leikurum?

Rosalega erfitt. Þetta er mín fyrsta mynd. Það eitt að takast á við að vinna með leikurum, og kafa ofan í handritið



Boðskapurinn réð ferðinni

Aðalpersónan er ekki endilega aðeins sýnd sem klikkuð heldur einbeita framleiðendurnir sér að því að koma skilaboðum bókarinnar á framfæri.

og samtöl og það allt, var algjörlega nýtt fyrir mér sem leikstjóri. Auglýsingavinna gengur út á allt aðra hluti. Svo í ofanálag var ég að gera þetta með krökkum sem höfðu aldrei gert þetta. Ég var bara drullusmeykur þegar ég fór af stað út í þetta. En það reyndist alger óþarfi því að þetta var rosalega góður hópur. Þetta er líka erfitt fyrir kamerudeildina. Vanur leikari hittir alltaf á sitt „mark“ (staðsetning sem leikari þarf að muna til að hægt sé að hafa hann í fókus) og gerir hlutina alltaf eins, töku eftir töku. Á meðan óreyndur leikari dettur kannski í karakter og man ekkert hvað hann gerði í síðustu töku.

Kom þér á óvart hversu vel Styr skilaði hlutverki sínu sem Arnaldur?

Já, ég verð að segja það. Hann heillaði okkur upp úr skónum frá fyrsta degi með nálgun sinni á hlutverkið. Það varð ótrúleg breyting á drengnum um leið og myndavélin var sett í gang. Alveg magnað.